

## Fundargerð 544

Fimmtudaginn 12. desember 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var í gegnum fjarfundarbúnað. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ).

Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hanna Dóra Björnsdóttir (HDB) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 1), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 1), Þorkell Stefánsson (ÞS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 10) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Ársskýrsla Aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar
2. Rekstra- og starfsáætlun 2025 - til afgreiðslu
3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
4. Uppbygging atvinnuhúsnæðis - til kynningar
5. Gjaldskrá Byggðastofnunar - til afgreiðslu
6. Vextir Byggðastofnunar - til afgreiðslu
7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
8. Kaup á hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja - til afgreiðslu
9. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu
10. Orkukostnaður heimila - til kynningar
11. Önnur mál
12. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Ársskýrsla Aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur greinargerð um framkvæmd samninga í Aflamarki Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2023/2024 sem PF og RR kynntu.

Til máls tóku HKH, GHM og KB.

RR upplýsti um fjölda umsókna sem bárust um Aflamark Byggðastofnunar í Grímsey og stöðu á vinnu við umsóknirnar.

PF og RR viku af fundi.

### 2. Rekstrar- og starfsáætlun 2025 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur Starfs- og rekstraráætlun ársins 2025 sem AME kynnti og kynnti hann þær breytingar sem orðið hafa á henni frá síðasta stjórnarfundum.

Til máls tóku ÓH, KB, GHM og MH.

Formaður bar upp Starfs- og rekstraráætlun ársins 2025 og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 43/24 - 45/24 til kynningar sem HP reifaði.

### 4. Uppbygging atvinnuhúsnæðis - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis, auk teikninga og yfirlitsmyndar af fyrirhuguðu atvinnuhúsnæði í Búðardal sem HP kynnti.

Í desember heimsóttu forstjóri, forstöðumaður fyrirtækjasviðs og sérfræðingur á fyrirtækjasviði fulltrúa sveitarfélagsins Dalabyggð í Búðardal. Fengu fulltrúarnir kynningu á verkefninu og áhugi sveitarfélagsins á þátttöku kannaður.

Lagt er til að stjórn veiti forstjóra heimild til að vinna að verkefninu í Búðardal í samstarfi við fulltrúa Dalabyggðar með allt að 150 m.kr. framlagi.

Til máls tóku HB, GHM, ÓH, HKH, MaH og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

### 5. Gjaldskrá Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs um breytingu á gjaldskrá Byggðastofnunar sem MH og AME kynntu.

Lagt er til að tímagjald sérfræðings Byggðastofnunar verði kr. 16.932 kr. á klst. Þá er einnig lagt til að lántaki hafi heimild til að greiða allt að 1 m.kr. inn á lán á ári án þess að innheimt verði uppgreiðsluþóknun. Lagt er til að þessar breytingar taki gildi 1. janúar 2025.

Til máls tóku KB, HP og ÓH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður gerði hlé á fundi milli kl. 10:16 og 10:27.

### 6. Vextir Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs um vaxtakjör stofnunarinnar sem HP kynnti.

Lagt er til að vaxtakjör stofnunarinnar verði óbreytt frá því sem nú er.

Til máls tóku KB, MH, AME og ÓH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

### 7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir verkefni á starfsáætlun og staða rekstrar 30. nóvember sem AME kynnti.

Til máls tóku KB og ÓH.

### 8. Kaup á hlutafé í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs, verðmat á Tröllasteini ehf., bréf frá stjórn Eignarhaldsfélags Suðurnesja (ES) til hluthafa og bréf frá Fjármála og efnahagsráðuneytinu til stjórnar ES sem HP kynnti.

Ríkissjóður er stærsti hluthafinn í ES og hefur upplýst stjórn ES um að hann hyggist losa um sinn hlut í félaginu. Þrjár leiðir séu færar; sala hlutarins, hvort sem er til annarra hluthafa eða þriðja aðila, lækkun hlutafjár eða slit félagsins.

Að mati Byggðastofnunar á ES á mikla framtíðarmöguleika og unnið hefur verið að því að bjóða upp á lánaflokka undir heitinu Hviða sem ætlað er að efla við atvinnulíf á svæðinu. Þá hefur félagið stutt við frumkvöðla með því að koma hugmyndum sínum í vinnslu og efla þannig nýsköpun á Suðunesjunum.

Byggðastofnun hefur lagt áherslu á að efla áttahagafjófesta í landsbyggðunum og hefur stjórn stofnunarinnar lagt til fjármuni í starfs- og rekstraráætlun til að sinna þeim hluta.

Tvær leiðir eru lagðar til. Í fyrsta lagi að Byggðastofnun kaupi hluta af eignarhlut Ríkissjóðs í ES og fullnýti heimild sína um 40% eignarhlut í ES. Í öðru lagi að stofnunin skipti við Ríkissjóð á bréfum stofnunarinnar í öðru félagi og greiðir mismuninn upp í 40% eignarhluta í ES.

Lagt er til að stjórn samþykki báðar leiðir og feli starfsfólki stofnunarinnar að fara í viðræður við Fjármála- og efnahagsráðuneytið um kaup á eignarhlut Ríkissjóðs að því marki sem stofnunin hefur heimildir til sbr. reglugerð.

Til máls tóku AME, GHM, KB, MH, ÓH, HB og OÁ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 9. Styrkir til meistaránema - til afgangi

HDB kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni þróunarviðs og Hönnu Dóru Björnsdóttur um úthlutun styrkja til meistaránema, yfirlit umsókna sem bárust og fundargerð 19. fundar stjórnar Byggðarannsóknasjóðs sem HDB kynnti.

Alls bárust 13 umsóknir og hefur stjórn Byggðarannsóknasjóðs farið yfir umsóknir og leggst til að eftirfarandi verkefni verði styrkt:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkuppþæð
Participatory Energy Planning for Resilient Coastal Westfjords Futures	Brianna Marie Cunliffe, Háskólaþingi Vestfjarða	350.000,-
Ræs! - Síld!	Daníel Pétur Daníelsson, Háskólinn á Hólum	350.000,-
Climate change adaptation strategies of Iceland's search and rescue teams	Glory Kate Chitwood, Háskóla Íslands	350.000,-
Volunteerism and Emergency Management in Iceland: Examining the Role of Place Attachment and Local Engagement in Search and Rescue and Disaster Relief Organizations	Christoph Pfuell, Háskólaþingi Vestfjarða	350.000,-

Formaður bar upp ofangreindar tillögur um styrki og voru þær samþykktar samhljóða.

HDB vék af fundi.

## 10. Orkukostnaður heimila - til kynningar

ÞS tengdist fundinum undir þessum dagskrárlið og kynnti nýja skýrslu um orkukostnað heimilanna.

Til máls tóku HB og GHM.

ÞS vék af fundi.

### 11. Önnur mál

ÓH upplýsti um fund sem hann og AME áttu með Þórólfi Gíslasyni kaupfélagsstjóra Kaupfélags Skagfirðinga.

### 12. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 16. janúar nk. og er fjarfundur. Mögulega gæti orðið fundur áður vegna úthlutunar aflamarks í Grímsey.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:43.

Magnús Helgason, fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir